Nd. **368. Breytingartillaga** [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 18. gr. Aftan við gr. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal nú þegar skipa nefnd til þess að endurskoða og samræma öll lög og reglugerðir um nám og réttindi vélstjóra á íslenzkum skipum. Skulu stéttarfélög mótorvélstjóra og vélstjóra eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Skal nefnd þessi hafa lokið endurskoðun og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. jan. 1950. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.